



Skipulags,- byggingar, og veitunefnd

Fundur haldinn í skipulags,- byggingar- og veitunefnd Blönduóssbæjar mánudaginn 28. ágúst 2006 kl. 17:00 á bæjarskrifstofu. Mæting skv. undirskriftum.

Erindi og afgreiðslur:

1. Erindi frá Gísla Agli Hrafnsyni og Ingu Elsu Bergþórsdóttur eigendum að Brimslóð 10a, þar sem þau sækja um leyfi til lóðaframkvæmda og annars frágangs utandyra að Brimslóð 10a.
Afgreiðsla:
Fundurinn vísar erindinu til byggingarfulltrúa, óskað er eftir því að reiturinn sé skilgreindur og gengið sé frá lóðablöðum af lóðum á svæðinu. Byggingarfulltrúi bendir á að enn vantar aðaluppdrætti af Brimslóð 10a og eru eigendur hvattir til að ljúka því hið fyrsta.
2. Erindi frá sýslumanninum á Blönduósi, sem óskar umsagnar á umsókn um rekstur veitingastofu/greiðasölu í Reiðhöllinni Arnargerði. Rekstraraðili er Magnús Ólafsson 090246-2679.
Afgreiðsla:
Byggingarfulltrúa er falið að yfirfara málið og ljúka því samkvæmt reglum þar um.
3. Oddný María Gunnarsdóttir óskar leyfis að stækka opnanleg fög á húsi sínu að Brekkurbyggð 12.
Afgreiðsla:
Byggingarfulltrúi óskar eftir aðaluppdráttum af breytingunni. Afgreiðslu frestað uns uppdrættir liggja fyrir.
4. Erindi frá Sölufélagi Austur Húnavetninga. Þar er óskað eftir leyfi til að breyta reykháfi við reykhus fyrirtækisins.
Afgreiðsla:
Óskað er eftir frekari gögnum, aðaluppdrætti og uppdrætti af burðarvirki, undirstöðum. Afgreiðslu frestað uns gögn liggja fyrir.
5. Blöndubbyggð 6. b. Erindi vegna afnota af landi.
Afgreiðsla:
Tæknideild er falið að gera samning um afnot landsins, þar sem samið er um leigutíma.
6. Lárus B. Jónsson sækir um leyfi til að byggja sólpall við Melabraut 21.
Afgreiðsla:
Umsókn er samþykkt enda sé skilað gögnum um stærð og gerð sólpallsins. Zophonías Ari situr hjá við afgreiðslu málsins.
7. Lárus B. Jónsson f.h. Kráks ehf sækir um framhaldsstöðuleyfi fyrir gáma.
Afgreiðsla:
Stöðuleyfið er framlengt til eins árs. Zophonías Ari situr hjá við afgreiðslu málsins.
8. Erindi frá Hirti K. Einarssyni vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir sumarhúsabyggð í Hnjúkahlíð.
Afgreiðsla:
Nefndin tekur jákvætt í erindið en felur byggingarfulltrúa og Tæknideild að vinna áfram að málinu í samvinnu við landeiganda.
9. Erindi frá Ámundakinn ehf. Jóhannes Torfason sækir um leyfi til að breyta gangstétt við Efstubraut 2 skv. meðf. teikningu og fá leyfi til staðsetningar á gámi þar.
Afgreiðsla:



Afgreiðslu erindisins er frestað, óskað er eftir því að byggingarfulltrúi og Tæknideild skoði fleiri leiðir varðandi geymslu umrædds gáms og skipulagningar á svæðinu í heild sinni.

10. Sigurður Kr. Jónsson óskar eftir leyfi til að setja upp sólpall með skjólveggjum við íbúð sína að Flúðabakka 1.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leyti, enda liggja fyrir skriflegt samþykki annarra íbúðaeinenda við Flúðabakka 1.
11. Önnur mál.
- a. Erindi frá Jóni Aðalsteini Sæbjörnssyni sem sækir um leyfi fyrir sólpalli við Mýrarbraut 19.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir erindið fyrir sitt leyti, enda liggja fyrir skriflegt samþykki nágretta.
- b. Erindi frá Birgi Ingólfssyni sem sækir um leyfi fyrir 5 m² garðhúsi að Urðarbraut 5.
Afgreiðsla:
Nefndin samþykkir erindið en biður um að skilað sé afstöðumynd er sýni garðhúsið á lóðinni.
- c. Erindi frá Guðmundi R. Sigurðssyni Kemp og Gróu Maríu Einarsdóttur sækja um leyfi fyrir viðbyggingu við hús sitt að Árbraut 3.
Afgreiðsla:
Nefndin fellst á erindið en óskar eftir fullnaðar byggingarteikningum og skriflegu samþykki nágretta að Árbraut 1.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19,25.

Zophonías Ari Lárusson, formaður
Þorgils Magnússon
Ágúst Þór Bragason
Eyjólfur Þórarinsson, byggingarfulltrúi
Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri

Ragnar Ingi Tómasson